

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

---

S T A R F S S K Y R S L A F Y R I R M R I D 1 9 3 5.

---

Þorsteinn Davíðsson.

---

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1935.

S k ó g a r h ö g g:

í Vaglaskógi hefir verið höggvið á árinu:

Eldiviður til sölu	131	hestburðir
Eldviður óseldur	35	"
Eldiviður skógarv.	50	"
Staurar	10	"
Efniviður	9	"
Leyft skógarhögg, eldiv.	110	"
<u>Samtals</u>	<u>345</u>	<u>hestburðir</u>

Mest hefir verið höggvið á ~~milli~~ Brandhúsgrófar og Skökkulágar, þar sem ekki hefir verið grisjað áður.

G r æ ð i r e i t u r:

Sáð var 8 kg. af birkifræi og 5 litr. af reyniberjum. Dreifsettar voru 9000 plöntur birkí og 500 plöntur reynir. Sá hluti af reitnum sem áður var óbrotinn var undirbúinn til trjárektar.

Kola-gerð:

Byrjað var lítilsháttar að brenda viðargöl. Eftir þeirri litlu reynslu sem fengin er mun vinnukostnaður við högg og brennslu á kolum verða sem næst kr. 200.00 pr. tonn af kolum eða vel það.

Ý m i s l e g t:

Bílfær vegur var ruddur af Eyrarfleti suður fyrir Brandhúsgróf. Þurfti að gera þar allmikið ræsi og uppfyllingu sem kostaði um kr. 300.00.

Akureyri 15. jan. 1936.

Þorsteinn Davíðsson.